

Nýtt andlit á austfirzkri hefðardömu á óræðum aldri



Hilmar Bjarnason, formaður Bygðasögufundar frá því að hún var sett á laugirnar árið 1967. Á bakki hans er gömul mynd af Eskifirði.

Heimildum ber ekki saman um aldur Gömlu-Búðar á Eskifirði og í bókinni Eskju, sem Einar Bragi tók saman, segir svo á blaðsíðu 63 í fyra bindi: „Gamla-Búðin er frá tíð Örum og Wulffs, eitt af elztu húsum á Austurlandi og líklega elzta húsið hér í kaupuninu. Þótt ergilegt sé, hefur þessi aldna hefðardama ekki fengizt til að veita óyggjandi upplýsingar um aldur sinn, hvað sem síðar verður.“ Skömmu síðar segir í bókinni: „Gamla-Búðin er tæplega yngri en frá 1836 og alls ekki eldri en frá 1816.“

Margt hefur verið gert til að finna nákvæman aldur hússins en skyldi tilviljunarkenndur fundur pappír-snifsis fyrir nokkrum árum hafa leyst gátuna?

— Gamla-Búð er talin byggð árið 1834, segir Hilmar Bjarnason, formaður Bygðasögufundar á Eskifirði í samtali við Morgunblaðið. Þegar húsið var flutt um set árið 1972 fannst á milli þils og veggjar snifsi úr pappa og naglapakka, og á það var eftirfarandi skrifad: „Þetta hús byggði Arnesen árið 1834.“

— Þessa setningu fannst okkur að helzt mætti lesa úr því, sem á snifsinu stóð, heldur Hilmar áfram. — Heimildir segja að um þetta leyti hafi verið hér smíður, sem Ísak hét Árnason. Eftir þessum heimildum og öðrum teljum við húsið frá 1834 og byggt af Ísak þessum Árnasyni. Þetta eru þó ekki annað en sterkar líkur, en örugga staðfestingu á aldri hússins höfum við enn ekki fundið, sagði Hilmar.

Við biðjum Hilmar að segja okkur frá aðdraganda þess að húsið var friðað og þeirri starfsemi sem fram fór í Gömlu-Búð á sínum tíma

„Allt frá kramvöru og upp eða niður í brennivín“

— Það var árið 1968 að Húsafriðunarnefnd ákváð að friða húsið, en þá höfðu þáverandi þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn, og Hörður Ágústsson skoðað húsið. Ráðgjafi við breytingarnar á húsinu hefur verið Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt og leikari með meiru. Hann hefur lesið eitt og annað út úr húsinu um sögu þess og starfsemina, sem þar hefur farið fram, sem hefur verið hulið öðrum.

— Eskifjörður fékk verzlunarréttindi 1786, en fram

að þeim tíma var verzlun í Breiðvík fyrir utan Eskifjörð. Það var þó ekki fyrr en um aldamótin 1800, sem verzlunin fluttist í raun á Eskifjörð, en þá ráku verzlunina Danirnir Örum og Wulff. Síðar verzladi Kjartan Ísfjörð á móti þeim í Framkaupstað. Gamla-Búð var sölubúð til ársins 1902, en þá kemur Nýja-Búð til sögunnar og eftir það var Gamla-Búðin notuð sem geymsluhús.

— Það má eiginlega segja að í Gömlu-Búðinni hafi verið verzladi með allt milli himins og jarðar, allt frá kramvöru og upp eða niður í brennivín. Þarna voru seldar allar algengar vörur á þessum árum og reyndar voru keyptar vörur af bændum og tekið á móti í Gömlu-Búðinni. Í langan tíma voru þrjár aðalverzlunarstaðir á Austfjörðum, á Eskifirði, Vopnafirði og Djúpavogi, þannig að bændur þurftu margir hverjir að ferðast um langan veg til að komast í kaupstað. Eski-



Auðunn Einarsson, kennari á Egilsstöðum, hefur mikið starfað við endurbyggingu Gömlu Búðar. Á þessari mynd sést hann teygja sig út úr kvisti á þaki hússins.

fjarðarheiði var þá þjóðbraut, en þáttaskil í samgöngum urðu er Fagradalsbraut var lögð árið 1862. Carl Daníel Tulínus og síðar Þórarinn sonur hans ráku

um árabíl verzlunina á Eskifirði og voru þeir þeir síðustu, sem verzludu í Gömlu-Búð.

— Húsafriðunarsjóður og Þjóðhátíðarsjóður hafa lagt myndarleg framlög til uppbyggingar hússins og Eskifjardarbær hefur síðan hlaupið undir bagga með það sem á hefur vantað. Um síðustu áramót var 64 milljón króna komin í endurbyggingu hússins. Máttarviðir hússins voru nær allir góðir, en klæðningu þurfti hins vegar að endurnýja að verulegu leyti. Nú er m.a. eftir að setja upp sölubúðina í austurenda hússins eins og hún var og ýmislegt fleira er enn ógert og of langt mál að telja það allt upp. Ef við getum lokið við endurnýjun hússins á

tveimur næstu árum er ég ánægður, segir Hilmar.

Verzlunar- og sjóminjasafn Austurlands

Í eina tíð var ys og þys og nóg að gera í Gömlu-Búð og svo verður væntanlega einhvern tímann í náinni framtíð. Ætlunin er að setja þar upp safn og undirbúningur er í fullum gangi fyrir verzlunar- og sjóminjasafn Austurlands, sem á að vera í Gömlu-Búð. Við biðjum Hilmar að segja okkur að lokum frá þeirri hugmynd, hvort þess megi vænta á næstunni að fleiri hús verði friðuð á Eskifirði og hvernig endurbyggingu þessa húss hafi verið tekið á Eskifirði.

— Ætlunin er að nota húsið sem verzlunar- og sjóminjasafn á Austfjörðum. Yrði safnið þá eitt af átta fyrirhuguðum safnhúsum á Austfjörðum, en það er safnastofnun Austurlands, sem hefur yfirumsjón með söfnunum. Þegar hefur verið safnað um 400 hlutum til Sjóminjasafnsins, aðallega hlutum frá þeim tíma er Norðmenn hófu síldveiðar fyrir Austurlandi um 1880. Eins eru þarna hlutir er snerta árabátautgerð og veiðarfæri og hákarlaveiðarnar.

— Þeir sem mest hafa unnið við endurbyggingu Gömlu-Búðar eru Auðunn Einarsson, Ari Lúdvíksson, Kristinn Guðmundsson, Bjarni Kristjánsson, Hilmar Bjarnason, Erlingur Viggósson og fleir auk mín í ígripum. Hugmyndir eru uppi um að friða tvö hús í viðbót, elzta íbúðarhúsið á Eskifirði, svokallað Jensens-hús, sem byggt var 1837, og Randulffs-sjóhús, sem er frá síldarárum Norðmanna.

— Það má segja að skoðanir hafi verið skiptar um réttmæti þess að friða og endurbyggja Gömlu-Búð. En þegar það verður komið í gagnið er ég sannfærður um að allir verða ánægðir með árangurinn, segir Hilmar Bjarnason að lokum.



Ari Lúdvíksson var lítið spenntur fyrir myndatöku, en þessu „skoti“ náðum við þó af honum í gætt Gömlu Búðarinnar.